

Íslandspóstur ohf.
Samstæðuársreikningur
2019

Íslandspóstur ohf.
Höfðabakka 9D
110 Reykjavík
kt. 701296-6139

Íslandspóstur ohf.

Samstæðuársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Áritun ríkisendurskoðanda	4
Áritun óháðs endurskoðanda	5-6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um eigið fé	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Skýringar	11-26
Ófjárhagslegar upplýsingar	27

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur Íslandspóstshöf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins er að veita hvers konar pósthjónustu á grundvelli laga og reglugerða sem þar um gilda. Íslandspóstur ohf., gegnir vegamiklu hlutverki í því að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með því að miðla mikilvægum upplýsingum, gögnum og vörum til allra landsmanna og viðskiptavina þeirra hvar sem þeir eru á landinu.

Um starfsemi á árinu:

Tap samstæðunnar á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	(510.822)
Eignir samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	7.082.237
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	3.202.733
Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	45,2%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	721

Tap samstæðunnar skýrist að hluta til af einkisþjónustukostnaði við endurskipulagningu félagsins eða 225 milljónir kr. á árinu 2019. EBITDA að frádregnum kostnaði við endurskipulagningu er 481 milljón kr. eða 6,2% á árinu 2019.

Í lok ársins var einn hluthafi í Íslandspósthöf, en hlutfé þess var aukið um 1.500 milljónir kr. á árinu 2019 sem var að stærstum hluta nýtt til að greiða niður vaxtaberandi skuldir samstæðunnar.

Árið 2019 var viðburðarríkt hjá félaginu, nýr forstjóri tók til starfa um mitt árið og hefur félagið gengið í gegnum miklar breytingar í kjölfar þess. Mikil endurskipulagning hefur átt sér stað og létt hefur verið á yfirbyggingu samstæðunnar með tilliti til þess að lækka kostnað. Þær aðgerðir hafa borið árangur og segja má að samstæðan sé mun betur í stakk búið til að takast á við komandi verkefni í kjölfar þeirra en það voru mikil batamerki á rekstri þess seinni hluta árs 2019. Hafa þeir þó í huga að ábati við endurskipulagninguna mun að fullu verða koma í ljós á rekstrarárinu 2020.

Ný pósthjónustulög voru samþykkt á árinu sem munu gjörbreyta rekstrarumhverfi Íslandspóstshöf. Með nýjum lögum verður t.d. einkaréttur á bréfum afnuminn sem er fagnaðarefni og algerlega í takt við afstöðu stjórnar félagsins sem lengi hefur talið að það þjóni ekki hagsmunum þess að hafa einkarétt.

Rekstur Íslandspóstshöf hefur verið afar þungur á síðustu árum enda eru skyldur sem lagðar eru á það miklar hvað varðar þjónustustig og það hlutverk að veita sambærilega þjónustu um allt land. Ísland er eitt af strjálbýlustu löndum heims og því er ljóst að á sumum svæðum eru ekki markaðslegar rekstrarforsendur til staðar. Hrun í bréfamagni hefur haft veruleg áhrif á tekjustofna fyrirtækisins og á sama tíma hafa tekjustofnar vegna sendinga erlendis frá dafnað en tilkostnaður við að afla þeirra tekna hefur verið tekjunum yfirsterkari. Þetta samspil hefur því leitt til verulegs taprekstrar síðustu ár.

Á árinu 2019 var sett viðbótargjald á allar sendingar sem koma frá útlöndum eftir heimild frá Alþingi og þá gera ný pósthjónustulög ráð fyrir því að alþjónustuveitanda sé greitt fyrir þjónustu á óarðbærum svæðum. Þessar staðreyndir, ásamt endurskipulagningu félagsins gera það að verkum að mögulegt er að horfa fram til bjartari tíma hjá fyrirtækinu. Hins vegar er mikilvægt að fyrirtækið sýni mikið aðhald í rekstri og haldi áfram að nýta öll tækifæri sem gefast til að lækka kostnað eins mikið og mögulegt er og auka tekjur, en jafnframt að veita góða þjónustu. Tækifærin liggja í hagkvæmari meðhöndlun sendinga með skilvirkari upplýsingavinnslu og aukinni sjálfvirkni í vinnslu og afhendingu sendinga. Sameining allra dreifingarstöðva undir einu þaki í Póstmiðstöð hefur opnað mörg tækifæri til skilvirkari rekstrar í flokkun og dreifingu sem mun skila sér á komandi árum.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en visar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að álit stjórnar og forstjóra Íslandspósts ohf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Íslandspósts ohf. staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2020


Í stjórn



Bjarni Jónsson

Auður Björk Guðmundsdóttir


Jónína Björk Óskarsdóttir



Forstjóri



Birgir Jónsson



Thomas Möller



Eiríkur Hauksson

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandspósts ohf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðum.

Kannað var hvort rekstur félagsins var í samræmi við þau lög sem um félagið gilda og eftir atvikum fjárlög og fjárukalög sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 17. febrúar 2020



Skúli Eggert Þorðarson
ríkisendurskoðandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandspóstshöf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandspóstshöf. fyrir árið 2019. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Íslandspóstshöf. 31. desember 2019, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Íslandspósti öhf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á samstæðuársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslandspóstshöf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á samstæðuársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- > Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og óflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- > Óflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- > Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- > Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- > Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- > Óflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 17. febrúar 2020



Hinrik Þór Harðarson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur	5	6.351.205	6.711.999
Aðrar tekjur		1.393.885	1.043.998
		<u>7.745.090</u>	<u>7.755.997</u>
Laun og launatengd gjöld	6	(5.145.400)	(5.440.112)
Beinn kostnaður við póstdreifingu		(1.361.103)	(1.317.409)
Annar rekstrarkostnaður		(747.778)	(948.030)
Kostnaður vegna endurskipulagningar	6	(225.135)	0
		<u>(7.479.416)</u>	<u>(7.705.551)</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)		<u>265.674</u>	<u>50.446</u>
Afskriftir fastafjármuna	8	(646.253)	(400.786)
Rekstrartap		<u>(380.579)</u>	<u>(350.340)</u>
Fjármunatekjur		33.834	73.366
Fjármagnsgjöld		(301.556)	(187.883)
Gengismunur		7.290	101.859
	9	<u>(260.432)</u>	<u>(12.658)</u>
Tap fyrir skatta		<u>(641.011)</u>	<u>(362.998)</u>
Tekjuskattur	10	116.808	72.312
Tap af áframhaldandi starfsemi		<u>(524.203)</u>	<u>(290.686)</u>
Aflögð starfsemi	16	13.381	(1.969)
Tap og heildarafkoma ársins		<u>(510.822)</u>	<u>(292.655)</u>
Skipting afkomu			
Hluthafar móðurfélags		(510.822)	(287.485)
Hlutdeild minnihluta		0	(5.170)
Heildarafkoma ársins		<u>(510.822)</u>	<u>(292.655)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	3.431.707	3.996.312
Óefnislegar eignir	12	107.675	134.227
Húsaleigueign	17	638.806	0
Langtímakröfur	13	569.997	715.786
Eignarhlutir í öðrum félögum		52.383	79.883
Reiknuð skattinneign	20	188.875	70.340
		<u>4.989.443</u>	<u>4.996.548</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	15	139.311	177.842
Viðskiptakröfur	14	769.626	898.682
Aðrar skammtímakröfur		120.877	78.519
Handbært fé		562.204	198.478
		<u>1.592.018</u>	<u>1.353.521</u>
Veltufjármunir í áframhaldandi starfsemi		<u>1.592.018</u>	<u>1.353.521</u>
Eignir flokkaðar til sölu	16	500.776	0
Veltufjármunir samtals		<u>2.092.794</u>	<u>1.353.521</u>
		<u>7.082.237</u>	<u>6.350.069</u>
Eignir			
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	18		
Hlutafé		2.947.500	1.447.500
Lögbundinn varasjóður		367.927	367.927
Bundið eigið fé		30.011	21.681
(Ójafnað tap) óráðstafað eigið fé		(142.705)	391.172
		<u>3.202.733</u>	<u>2.228.280</u>
Eigið fé sem tilheyrir eigendum félagsins		<u>3.202.733</u>	<u>2.228.280</u>
Hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðu		0	9.060
		<u>3.202.733</u>	<u>2.237.340</u>
Eigið fé			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi skuldir	19	1.650.922	2.026.720
Húsaleiguskuldbinding	17	552.338	0
		<u>2.203.260</u>	<u>2.026.720</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		485.788	657.089
Vaxtaberandi skuldir	19	302.063	799.331
Næsta árs afborganir húsaleiguskuldbindingar	17	99.397	0
Aðrar skammtímaskuldir	21	763.061	629.589
		<u>1.650.309</u>	<u>2.086.009</u>
Skammtímaskuldir í áframhaldandi starfsemi		<u>1.650.309</u>	<u>2.086.009</u>
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu	16	25.935	0
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.676.244</u>	<u>2.086.009</u>
Skuldir		<u>3.879.504</u>	<u>4.112.729</u>
Eigið fé og skuldir		<u>7.082.237</u>	<u>6.350.069</u>

Yfirlit um eigið fé ársins 2019

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
2018							
1. janúar 2018	1.447.500	367.927	32.335	668.003	2.515.765	14.230	2.529.995
Bundin hlutdeild í afkomu			(10.654)	10.654	0		0
Tap ársins				(287.485)	(287.485)	(5.170)	(292.655)
31. desember 2018	<u>1.447.500</u>	<u>367.927</u>	<u>21.681</u>	<u>391.172</u>	<u>2.228.280</u>	<u>9.060</u>	<u>2.237.340</u>
2019							
1. janúar 2019	1.447.500	367.927	21.681	391.172	2.228.280	9.060	2.237.340
Nýtt hlutfé	1.500.000				1.500.000		1.500.000
Áhrif af sölu dótturfélags					0	(9.060)	(9.060)
Áhrif innleiðingar IFRS 16				(14.725)	(14.725)		(14.725)
Bundin hlutdeild í afkomu			8.330	(8.330)	0		0
Tap ársins				(510.822)	(510.822)		(510.822)
31. desember 2019	<u>2.947.500</u>	<u>367.927</u>	<u>30.011</u>	<u>(142.705)</u>	<u>3.202.733</u>	<u>0</u>	<u>3.202.733</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins		(510.822)	(292.655)
Rekstrarliðir sem hreyfa ekki handbært fé:			
Afskriftir	8	666.487	414.541
(Söluhagnaður) sölutap eigna		(63.886)	5.347
Söluhagnaður hlutabréfa		(16.268)	0
Hrein fjármagnsgjöld		263.952	21.217
Tekjuskattur	10	(116.808)	(72.122)
Lækkun skuldbindinga		(521)	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		222.133	76.328
Vörubirgðir, lækkun		28.432	2.007
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun		121.237	328.233
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		46.575	(202.145)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		418.376	204.423
Innborgaðir vextir og arður		34.240	64.073
Greiddir vextir		(145.074)	(235.562)
Innborgaður gengismunur		7.290	101.859
Handbært fé frá rekstri		314.833	134.793
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptar óefnislegar eignir	12	(38.671)	(45.607)
Fasteignir og lóðir	11	(359.490)	(812.479)
Áhöld, tæki og bifreiðar		(85.994)	(381.086)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		124.331	88.454
Önnur breyting		0	17.838
Hreint sjóðstreymi vegna sölu á dótturfélögum		2.609	0
		(357.215)	(1.132.880)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(1.014.924)	(199.135)
Afborganir af leiguskuldbindingu	17	(122.811)	0
Afborganir vaxtagjalda af leiguskuldbindingu	17	(17.434)	0
Innborgað hlutafé	18	970.619	0
Lán frá Seðlabanka Íslands		0	500.000
Nýjar langtímaskuldir		603.400	680.624
Hækkun/(lækkun) á skammtímask. við lánastofnanir		(12.581)	0
		406.269	981.489
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		363.887	(16.598)
Handbært fé í upphafi árs		198.477	215.076
Handbært fé flokkað til sölu	16	(160)	0
Handbært fé í lok árs		562.204	198.478

Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa

Vaxterandi láni breytt í hlutafé	18	529.381	
Sala dótturfélags gegn skuldabréfi		6.500	
Endurfjármagnaðar langtímaskuldir			1.169.204
Endurfjármagnaðar langtímaskuldir			(1.169.204)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Íslandsþóstur ohf. (félagið) er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Íslandsþóstur ohf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Höfðabakka 9D, 110 Reykjavík.

Ársreikningur þessi hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Í árslok 2019 eru dótturfélög samstæðunnar tvö, Samskipti ehf., og Trönur ehf. en í árslok 2018 voru þau fjögur. Gagnageymslan ehf. og Frakt flutningsmiðlun ehf. voru seld á árinu 2019 ásamt því að Samskipti ehf. og Trönur ehf. eru framsett sem eignir flokkaðar til sölu. Sjá nánar skýringu nr. 16 um eignir flokkaðar til sölu og aflagða starfsemi.

Stjórn félagsins og forstjóri staðfestu samstæðuársreikninginn með undirritun sinni þann 17. febrúar 2020.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum nema í eftirfarandi tilfellum:

- Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum eru færðir með hlutdeildaraðferð.
- Eignir flokkaðar til sölu eru færðar á því sem lægra reynist, bókfærðu verði eða gangvirði að frádrögnum sölukostnaði.

Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

3. Innleiðing á nýjum og endurskoðuðum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS).

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2019, sem Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi hennar. IFRS 16, Leigusamningar tók gildi 1. janúar 2019, sjá lýsingu og áhrif af innleiðingu hér að neðan. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir í útgáfu sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast síðar, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif annarra staðla, breytinga og túlkana í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi eru að mati stjórnenda engin eða óveruleg fyrir reikningsskil samstæðunnar.

IFRS 16 Leigusamningar

Samstæðan innleiddi á árinu IFRS 16 Leigusamningar í reikningsskil sín. Staðallinn setur fram nýjar kröfur um reikningsskil vegna leigusamninga. Miklar breytingar eru á reikningsskilaaðferðum leigutaka þar sem ekki er lengur greint á milli fjármögnunarleigu og rekstrarleigu, heldur er þess krafist að færð verði leiguskuldbinding og nýtingaréttur til eignar vegna allra leigusamninga. Aðeins eru gerðar undantekningar fyrir skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði. Litlar breytingar eru frá fyrri reglum fyrir reikningsskilaaðferðir leigusala. Nýjum reikningsskilaaðferðum er lýst í skýringu nr. 24. Áhrifum af innleiðingu IFRS 16 á ársreikninginn er lýst hér að neðan.

Samstæðan beitir afturvirkri innleiðingu að hluta, þannig að samanburðartölur eru ekki endurgerðar og uppsöfnuð áhrif vegna innleiðingarinnar eru færð á eigið fé við innleiðingu 1. janúar 2019. Félagið nýtir sér undanþágu staðalsins frá endurflokkun samninga sem hafa verið skilgreindir sem leigusamningar samkvæmt IAS 17 og IFRIC 4 fyrir innleiðingardag. Kröfum IFRS 16 er þannig við innleiðingu beitt á leigusamninga sem voru flokkaðir sem slíkir á innleiðingardeg.

Með innleiðingu IFRS 16 þá breytist eðli gjalda sem tengjast rekstrarleigusamningum þar sem félagið færir nú afskriftir af nýtingarrétti og vaxtagjöld af leiguskuld, en hafði áður gjaldfært leigugreiðslur á meðal rekstrargjalda línulega á líftíma samninganna. Áhrif á reikningsskilin eru hærrí hagnaður ársins 2019 sem nemur 5,8 milljónum kr. vegna styttingar leigusamninga. Áhrif á einstaka liði rekstrarreiknings eru eftirfarandi: Hækkun afskrifta um 117 milljónir kr., hækkun vaxtagjalda um 17,4 milljónir kr. og lækkun rekstrargjalda um 140,2 milljónir kr.

Á innleiðingardeg 1. janúar 2019 færði félagið leiguskuldbindingu að fjárhæð 292,6 milljónir kr. og nýtingarétt að fjárhæð 274,2 milljónir kr. í efnahagsreikning.

Samkvæmt IAS 17 voru allar greiðslur vegna rekstrarleigu sýndar meðal rekstrarhreyfinga í sjóðstreymi. Áhrif innleiðingar IFRS 16 á sjóðstreymi eru hækkun handbærs fjár frá rekstri um 140,2 milljónir og lækkun á handbæru fé vegna fjármögnunarhreyfinga um sömu upphæð.

Skýringar

4. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru byggðar á sögulegum gögnum og öðrum viðeigandi þáttum. Endanleg niðurstaða kann að vera frábrugðin þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrif breytinga á reikningshaldslegu mati eru færð á því tímabili sem að matið er endurskoðað og síðari tímabilum ef við á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem mat stjórnenda og reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 11 - mat á líftíma varanlegra rekstrarfjármuna
- Skýring 12 - mat á líftíma óefnislegra eigna
- Skýring 13 og 14 - mat á niðurfærslu langtímakrafna og viðskiptakrafna
- Skýring 15 - mat á niðurfærslu birgða
- Skýring 16 - mat á gangvirði eigna flokkaðra til sölu
- Skýring 17 - mat á leigutíma og afvöxtunarstuðli

5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig:

	2019	2018
Innlendar pósttekjur	5.526.850	5.859.247
Erlendar pósttekjur	824.354	852.752
	<u>6.351.204</u>	<u>6.711.999</u>

Upplýsingar varðandi tímasetningu tekjuskráningar má finna í skýringu nr. 24 um reikningsskilaaðferðir vegna tekjuskráningar.

6. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2019	2018
Laun	4.117.843	4.368.986
Lífeyrissjóður	545.140	518.702
Önnur launatengd gjöld	355.306	370.837
Annar starfsmannakostnaður	<u>127.110</u>	<u>181.587</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður	<u>5.145.400</u>	<u>5.440.112</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	721	822

Laun og hlunnindi stjórnar og æðstu stjórnenda námu 207,6 milljónum kr. á árinu (2018: 126 milljónir kr.). Þar af voru laun forstjóra 41,6 milljónir kr. (2018: 25 milljónir kr.) og laun til stjórnarmanna 14 milljónir kr. (2018: 12 milljónir kr.). Greiðslur í lífeyrissjóð vegna móttframlags nam á árinu 29,1 milljón (2018: 17,4 milljónir kr.). Laun stjórnarformanns eru tvöföld laun stjórnarmanns. Samningar við stjórnendur félagsins kveða hvorki á um kauprétt á hlutum í félaginu né sérstakar greiðslur við starfslok. Uppsagnarfrestur stjórnenda er gagnkvæmur 6 mánuðir en 12 mánuðir hjá forstjóra. Hluta af ári voru tveir forstjórar á launum hjá félaginu auk stjórnenda sem létu af störfum á árinu.

Félagið hefur skuldbundið sig til að greiða viðbótarframlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nemur 6% af mismun heildarlauna og viðmiðunarlauna þeirra starfsmanna sem nýta sér rétt til greiðslu iðgjalda í sjóðinn meðan þeir starfa hjá félaginu.

Kostnaður vegna endurskipulagningu rekstrar á árinu 2019 var 225 milljónir kr. og er færður í sér línu í rekstrarreikningi. Staða á skuldbindingu vegna endurskipulagningar í lok árs er 70 milljónir kr. og er færð meðal skammtímaskulda.

Skýringar

7. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til Ríkisendurskoðunar greinast þannig:

	2019	2018
Endurskoðun ársreiknings	6.636	4.690
Könnun árshlutareiknings	2.768	5.065
	<u>9.404</u>	<u>9.755</u>

8. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

	2019	2018
Afskriftir rekstrarfjármuna samanber skýring nr. 11	466.118	361.627
Afskriftir óefnislegra eigna samanber skýring nr. 12	62.804	39.159
Afskriftir leigueigna samanber skýring nr. 17	117.331	0
	<u>646.253</u>	<u>400.786</u>

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2019	2018
Söluhagnaður hlutabréfa	0	10.257
Arður af hlutabréfaeign	16.429	17.325
Vaxtatekjur	17.406	45.785
	<u>33.835</u>	<u>73.367</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(1.653)	(30.701)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(190.204)	(148.050)
Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum	(17.434)	0
Söluþap hlutabréfa	(88.798)	0
Dráttarvaxtagjöld	(1.222)	(1.088)
Önnur vaxtagjöld	(2.245)	(8.045)
	<u>(301.556)</u>	<u>(187.884)</u>

Gengismunur af fjáreignum og fjárskuldum greinist þannig:

Gengishagnaður	7.290	101.859
	<u>(260.431)</u>	<u>(12.658)</u>

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 116,8 milljónir kr. (2018: tekjufærð fjárhæð 72,3 milljónir kr.). Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2020 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2019		2018	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Tap fyrir skatta	(641.011)		(362.998)	
Skatthlutfall	128.202	-20,0%	72.600	-20,0%
Óskattskyldar tekjur	3.286	-0,5%	4.509	-1,2%
Aflögð starfsemi	1.883	-0,3%	(641)	0,2%
Ófrádráttarbær kostnaður	(15.736)	2,5%	(1)	0,0%
Aðrir liðir	(827)	0,1%	0	0,0%
Áhrif skattalegra tapa	0	0,0%	(4.154)	1,1%
Reiknaður tekjuskattur	<u>116.808</u>	-18,2%	<u>72.313</u>	-19,9%

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1. janúar 2018	3.266.110	3.768.430	7.034.540
Endurflokkun óefnislegra eigna	0	(187.099)	(187.099)
Eignfært á árinu	858.086	338.754	1.196.840
Fært meðal eigna flokkaðra til sölu	8.270	0	8.270
Selt og aflagt á árinu	(46.612)	(327.989)	(374.601)
Staða 1. janúar 2019	4.085.854	3.589.076	7.674.930
Fært út við sölu dótturfélaga	0	(26.519)	(26.519)
Endurflokkun á milli flokka varanlegra rekstrarfjármuna	461.583	(461.583)	0
Endurflokkun rekstrarfjármuna	(223.403)	0	(223.403)
Eignfært á árinu	354.540	90.399	444.938
Fært meðal eigna flokkaðra til sölu	(262.080)	(98.148)	(360.228)
Selt og aflagt á árinu	(123.481)	(217.530)	(341.011)
Staða 31. desember 2019	4.293.013	2.875.695	7.168.708
Afskriftir			
Staða 1. janúar 2018	1.602.425	2.081.779	3.684.204
Endurflokkun óefnislegra eigna	0	(101.525)	(101.525)
Afskrift ársins	122.345	239.282	361.627
Afskriftir endurflokkaðar vegna aflagðra eigna	2.643	10.851	13.494
Fært á eignir til sölu	2.977	0	2.977
Selt og aflagt á árinu	(34.194)	(247.965)	(282.159)
Staða 1. janúar 2019	1.696.196	1.982.422	3.678.618
Fært út við sölu dótturfélaga	0	(18.659)	(18.659)
Afskrift ársins	163.335	302.782	466.117
Fært meðal eigna flokkaðra til sölu	(34.673)	(45.939)	(80.612)
Selt og aflagt á árinu	(146.563)	(161.899)	(308.462)
Staða 31. desember 2019	1.678.295	2.058.707	3.737.002
Bókfært verð			
Bókfært verð 1. janúar 2018	1.663.685	1.686.651	3.350.336
Bókfært verð 31. desember 2018	2.389.658	1.606.654	3.996.312
Bókfært verð 31. desember 2019	2.614.718	816.989	3.431.707
Afskriftarhlutföll	0-4%	10-33%	

Á eignum félagsins hvíla tryggingabréf og skuldabréf til tryggingar eftirstöðva skulda að fjárhæð 1.618 milljónir kr. Allar fasteignir félagsins eru veðsettar.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna samstæðunnar í árslok:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir	2.284.999	4.374.432	2.614.718
Áhöld, tæki og bifreiðar, eignatryggingar		2.987.618	816.989

12. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður
Kostnaðarverð	
Staða 1. janúar 2018	300.120
Endurflokkun	187.099
Eignfært á árinu	45.607
Selt og aflagt á árinu	(38.560)
Staða 31. desember 2018	<u>494.266</u>
Staða 1. janúar 2019	494.266
Endurflokkun vegna eigna flokkaðra til sölu	(3.881)
Eignfært á árinu	39.322
Staða 31. desember 2019	<u>529.707</u>
Afskriftir	
Staða 1. janúar 2018	257.031
Endurflokkun	101.525
Afskrift ársins	39.159
Afskrift vegna eigna flokkaðra til sölu	741
Selt og aflagt á árinu	(38.417)
Staða 31. desember 2018	<u>360.039</u>
Staða 1. janúar 2019	360.039
Endurflokkun vegna eigna flokkaðra til sölu	(811)
Afskrift ársins	62.804
Staða 31. desember 2019	<u>422.032</u>
Bókfært verð	
Bókfært verð 1. janúar 2018	43.089
Bókfært verð 31. desember 2018	134.227
Bókfært verð 31. desember 2019	107.675
Afskriftarhlutföll	20%

Kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir hugbúnaðar sem áður var fært á meðal varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurflokkað á óefnislegar eignir. Staða í upphafi árs 2018 í töflunni hér að ofan var endurflokkuð í línuna Staða 1. janúar 2018, og viðbætur hugbúnaðar á árinu 2018 eru einnig endurflokkaðar og sýndar í línunni Endurflokkun. Samanburðartölur í efnahagsreikningi hafa verið aðlagðar til samræmis við ofangreint.

13. Langtímakröfur og skuldabréfaeign

	2019	2018
Staða í ársbyrjun	760.127	744.455
Viðbætur	886.066	935.488
Innborganir á árinu	(988.498)	(919.816)
Staða í árslok	<u>657.695</u>	<u>760.127</u>
Skammtímaluti langtímakrafna	(87.699)	(38.619)
Staða í árslok	<u>569.996</u>	<u>721.508</u>

Kröfur á erlend pósfyrirtæki eru flokkaðar meðal fastafjármuna sem langtímakröfur. Um er að ræða kröfur sem myndast við uppgjör endastöðvatekna- og gjalda vegna póstsendinga milli landa og geta greiðslur vegna viðskiptanna borist allt að tveimur og hálfu ári eftir að kröfa myndast. Skuldabréfaeign í árslok 2019 nam 6,5 milljónir kr. (2018: 0 kr.) þar af koma 3,25 milljónir kr. til greiðslu á næsta ári.

Skýringar

14. Viðskiptakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur	917.057	1.053.297
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(147.431)	(154.615)
	<u>769.626</u>	<u>898.682</u>
Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:		
Staða í ársbyrjun	(154.615)	(170.118)
Fært út vegna aflagðra félaga	13.375	0
Breyting á niðurfærslu	4.403	16.520
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	(10.594)	(1.017)
Staða í árslok	<u>(147.431)</u>	<u>(154.615)</u>

Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Viðskiptakröfur eru afskráðar þegar þær eru sannarlega tapaðar skv. lögum nr. 90/2003.

15. Vörubirgðir

	31.12.2019	31.12.2018
Birgðir rekstrar- og söluvara	81.512	88.969
Frímerkjabirgðir	57.799	88.873
	<u>139.311</u>	<u>177.842</u>

Félagið gjaldfærði á árinu 29,4 milljónir kr. vegna niðurfærslu á birgðum og 210 milljónir vegna kostnaðarverðs seldra vara.

16. Eignir flokkaðar til sölu og aflögð starfsemi

Á árinu 2019 seldi Íslandspóstur ohf. tvö dótturfélög, Gagnageymsluna ehf. og Frakt flutningsmiðlun ehf. Sú starfsemi er flokkuð sem aflögð starfsemi í rekstrarreikningi samstæðunnar og samanburðartölur hafa verið endurgerðar til samræmis samkvæmt IFRS 5. Íslandspóstur ohf. átti tvö dótturfélög í árslok, Samskipti ehf. og Trönur ehf. og er sú starfsemi ásamt tveimur öðrum fasteignum félagsins framsett meðal eigna haldið til sölu og flokkuð sem aflögð þar sem öllum skilyrðum um eign haldið til sölu samkvæmt IFRS 5 er mætt. Þegar starfsemi hefur verið skilgreind með þessum hætti þá eru samanburðartölur endurgerðar til samræmis samkvæmt IFRS 5. Sala dótturfélaga og eigna er liður félagsins í að einbeita sér að kjarnastarfsemi.

Áhrif aflagðrar starfsemi á rekstrarreikning:	2019	2018
Tekjur	212.212	974.042
Gjöld	(215.032)	(975.821)
Tekjuskattur	(67)	(190)
Hagnaður vegna sölu aflagðra félaga	16.268	0
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	<u>13.381</u>	<u>(1.969)</u>
	31.12.2019	31.12.2018
Óefnislegar eignir	2.371	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	430.592	0
Tekjuskattsineign	521	0
Vörubirgðir	7.724	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	59.408	0
Handbært fé	160	0
Eignir flokkaðar til sölu	<u>500.776</u>	<u>0</u>
Vaxtaberandi skuldir	6.708	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	19.227	0
Skuldir tengdar eignum flokkuðum til sölu	<u>25.935</u>	<u>0</u>
	2019	2018
Sjóðstreymi aflagðrar starfsemi		
Rekstrarhreyfingar.....	5.604	0
Fjárfestingarhreyfingar.....	(5.441)	0
Fjármögnunarhreyfingar.....	(42.527)	0

Skýringar

17. Leigusamningar

Frá og með 1. janúar 2019 urðu breytingar á reikningshaldslegri meðferð rekstrarleigusamninga í reikningsskilum leigutaka. Í stað þess að gjaldfæra leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga línulega yfir leigutímabilið skráir félagið nú, með fáum undantekningum, nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga. Nánari lýsingu á reikningsskilaaðferðum fyrir leigusamninga má finna í skýringu nr. 26.

Félagið hefur gert leigusamninga um fasteignir sem færðir eru í efnahagsreikning. Upplýsingar um nýtingarrétt vegna leigueigna og leiguskuldbindingu er að finna hér að neðan.

Leigueignir	Fasteignir
Skráð við innleiðingu 1. janúar 2019	274.210
Verðbætur af leiguskuldbindingu	14.158
Viðbætur vegna nýrra samninga	499.687
Breytingar á fyrri samningum	(31.917)
Afskriftir	<u>(117.331)</u>
Staða 31. desember 2019	<u>638.807</u>

Tímalengd samninga 1-15 ár

Upphæðir færðar í rekstrarreikning	2019
Afskriftir af nýtingarrétti	117.331
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	17.434
Gjaldfært vegna skammtímaleigu	<u>12.995</u>
Samtals gjaldfært á árinu	<u>147.760</u>

Leiguskuldir	Fasteignir
Skráð við innleiðingu 1. janúar 2019	292.620
Verðbætur af leiguskuldbindingu	14.158
Viðbætur vegna nýrra samninga	499.687
Breytingar á fyrri samningum	(31.917)
Vaxtagjöld á tímabilinu	17.434
Leigugreiðslur á tímabilinu	(140.244)
Næsta árs afb. leiguskulda fært með skammtímaskulda	<u>(99.397)</u>
Staða 31. desember 2019	<u>552.341</u>

Leiguskuldbinding	31.12.2019
Gjalddagagreining - ónúvirt samningsbundið greiðsluflæði	<u>31.12.2019</u>
Innan árs	100.898
Eftir ár en innan 5 ára	269.430
5 ár og síðar	<u>493.972</u>
Heildar ónúvirtar leiguskuldir 31. desember	<u>864.300</u>
Skammtímaskuldir	99.397
Langtímaskuldir	<u>552.341</u>
Leiguskuldir á efnahagsreikningi 31. desember	<u>651.738</u>

Skýringar

18. Eigið fé

Hlutafé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í 31.12.2019	2.947.500	100,0%	2.947.500

Í upphafi árs var hlutafé 1.447,5 milljónir kr., útgefnir hlutar á árinu námu 1.500 milljónum kr., samtals heildarhlutafé í árslok var 2.947,5 milljónir kr. Nafnverð hvers hlutar er ein íslensk króna og jafngildir hver króna nafnverðs einu atkvæði.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði. Tillag í varasjóð skal nema a.m.k. 10% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 10% af nafnverði hlutafjár, en eftir það er tillagið a.m.k. 5% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 25% af nafnverði hlutafjár.

Bundið eigið fé

Bundið eigið fé er tilkomið vegna hlutdeildatekna umfram móttæknar arðgreiðslur í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

19. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2019	31.12.2018
Verðtryggðar skuldir í ISK	1.952.985	2.169.710
Óverðtryggðar skuldir í ISK	0	95.136
Skuldir í EUR	0	19.514
Skuldir í CHF	0	18.019
Skuldir í JPY	0	6.288
	1.952.985	2.308.667
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	(302.063)	(281.947)
	1.650.922	2.026.720

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2019	31.12.2018
Afborganir 2020/2019	302.063	281.947
Afborganir 2021/2020	308.320	294.749
Afborganir 2022/2021	314.952	305.711
Afborganir 2023/2022	197.779	308.715
Afborganir 2024/2023	197.779	202.045
Afborganir 2025/2024	188.483	192.558
Afborganir síðar	443.610	722.941
	1.952.986	2.308.666

Vegnar meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir við lánastofnanir.....	4,3%	5,0%

Hreyfingar vaxtaberandi langtímaskulda

	2019	2018
Staða 1. janúar.....	2.308.667	1.738.874
Endurflokkað vegna eigna til sölu og aflagðrar starfsemi.....	(2.895)	0
Afborganir.....	(1.014.924)	(199.135)
Ný lán.....	603.400	680.624
Verðbætur og gengismunur.....	58.737	88.304
Staða 31. desember.....	1.952.985	2.308.667

Skýringar

19. Vaxtaberandi skuldir, frh.

Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Næsta árs afborganir langtímaskulda samanber framar.....	302.063	281.947
Lán frá Seðlabanka Íslands.....	0	500.000
Skammtímalán við lánastofnanir.....	0	17.384
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals:	<u>302.063</u>	<u>799.331</u>

Á árinu 2019 var láni frá Seðlabanka Íslands breytt í hlutafé samanber skýring nr. 18.

20. Tekjuskattsinnæign/(-skuldbinding)

	Innæign / (skuldbinding)	
	2019	2018
Staða í ársbyrjun	70.340	(4.231)
Áhrif innleiðingar á IFRS 16	3.682	0
Fært út við sölu dótturfélaga	(2.802)	0
Mismunur á álöögðum og opinberum gjöldum fyrra árs	847	2.259
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	116.808	72.312
Staða í árslok	<u>188.875</u>	<u>70.340</u>

Tekjuskattsinnæign/(-skuldbinding) greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir	(6.761)	(39.642)
Húsaleiguskuldbinding	2.586	0
Veltufjáreignir	12.398	17.006
Frestaður gengismunur	(7.763)	(12.422)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	188.415	105.398
	<u>188.875</u>	<u>70.340</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

Frá hagnaði ársins 2028	516.435
Frá hagnaði ársins 2029	425.643
	<u>942.078</u>

21. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Virðisaukaskattur	59.026	32.222
Fyrirframinnheimtar tekjur	27.371	31.371
Ógreidd laun og launatengd gjöld	623.136	542.274
Aðrar skuldir	53.528	23.722
	<u>763.061</u>	<u>629.589</u>

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru íslenska ríkið og fyrirtæki og stofnanir sem tilheyra því auk stjórnar félagsins, helstu stjórnendur þess og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra. Félagið á viðskipti við tengda aðila sína og eru viðskiptin verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Skýringar

23. Fjárhagsleg áhættustýring

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að hún viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og hún hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur félagsins fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerninga.

Gangvirði

Óverulegur munur er á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðli, og ber samstæðan áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Samstæðan reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptagjaldmiðlum. Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlaáhættu.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

31. desember 2019:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	135,8	184.505	9.232	175.273
NOK	13,8	30.341	0	30.341
SEK	13,0	26.086	0	26.086
DKK	18,2	5.278	4.101	1.177
USD	121,1	2.231	9.935	(7.704)
XDR	167,8	389.200	9.090	380.110
GBP	159,4	141.879	0	141.879
		779.520	32.358	747.162

31. desember 2018:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	133,2	190.220	32.513	157.707
NOK	13,4	23.839	0	23.839
SEK	13,0	24.299	0	24.299
DKK	17,8	3.428	3.097	331
USD	116,3	2.103	88.329	(86.226)
XDR	161,8	156.976	10.915	146.061
CHF	118,2	0	17.955	(17.955)
JPY	1,1	0	6.269	(6.269)
GBP	148,3	0	0	0
		400.865	159.078	241.787

23. Fjárhagsleg áhættustýring, frh.

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Ahrif á afkomu og eigið fé:	31.12.2019		31.12.2018	
	5%	10%	5%	10%
EUR	8.764	17.527	7.885	15.771
NOK	1.517	3.034	1.192	2.384
SEK	1.304	2.609	1.215	2.430
DKK	59	118	17	33
USD	(385)	(770)	(4.311)	(8.623)
XDR	19.006	38.011	7.303	14.606
CHF	0	0	(898)	(1.796)
JPY	0	0	(313)	(627)
GBP	7.094	14.188	0	0
	<u>37.359</u>	<u>74.717</u>	<u>12.090</u>	<u>24.178</u>

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðstreymi fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem langtímaskuldir samstæðunnar bera fasta og breytilega vexti. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og viðeigandi blöndu af lánnum með föstum og breytilegum vöxtum.

Vaxtakjör á lántökum samstæðunnar koma fram í skýringu 19 fyrir langtímaskuldir. Af vaxtaberandi skuldum bera 1.619 milljónir kr. breytilega vexti (31. desember 2018: 1.887 milljónir kr.) og 334 milljónir kr. fasta vexti (31. desember 2018: 921 milljónir kr.).

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

Ahrif á afkomu og eigið fé	31.12.2019		31.12.2018	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
	<u>5.284</u>	<u>10.568</u>	<u>8.468</u>	<u>16.936</u>

Verðbólquáhætta

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 1.952 milljónir kr. eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs (31. desember 2018: 2.169 milljónir kr.) og hefur þróun neysluvísitölu því áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Hækkun verðbólgu um 1% yfir árið hefði lækkað afkomu samstæðunnar um 19,5 milljónir kr. fyrir tekjuskatt (2018: 21,7 milljónir kr.). Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar.

23. Fjárhagsleg áhættustýring, frh.

Utlánaáhætta

Í utlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast utlánaáhættu og settar hafa verið útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina ásamt bankaábyrgðum til að lágmarka lánsáhættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulegar til að endurspeglar breyttar aðstæður mótaðila. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	569.997	715.786
Viðskiptakröfur	769.626	898.682
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna)	120.877	78.519
Handbært fé	562.204	198.478
	<u>2.022.704</u>	<u>1.891.465</u>

Töflurnar hér að neðan sýna bókfært verð fjáreigna eftir aldri (fjöldi daga fram yfir gjalddaga) og flokkun:

31. desember 2019:	Skuldabréfaeign og lt.kröfur		Aðrar skammtímakröfur	Samtals
		Viðskiptakröfur		
Ógjaldfallið	569.997	707.409	120.877	1.398.283
1-30 daga		20.483		20.483
31-60 daga		31.902		31.902
61-90 daga		9.832		9.832
	<u>569.997</u>	<u>769.626</u>	<u>120.877</u>	<u>1.460.500</u>
31. desember 2018:	Skuldabréfaeign og lt.kröfur		Aðrar skammtímakröfur	Samtals
Ógjaldfallið	715.786	811.422	78.519	1.605.727
1-30 daga		52.661		52.661
31-60 daga		11.364		11.364
61-90 daga		23.235		23.235
	<u>715.786</u>	<u>898.682</u>	<u>78.519</u>	<u>1.692.987</u>

Félagið metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tíma á líftíma viðskiptakrafanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldursflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspeglar gangvirði þeirra. Ekki er færð niðurfærsla vegna langtímakrafna og skuldabréfaeignar þar sem stjórnendur meta tapsáhættu litla og áhrif þess að færa vænt útlánatap yrðu óveruleg.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem samstæðan gæti orðið fyrir vegna þess að hún getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjástöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að samstæðan geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna. Félagið fékk inn aukningu hlutafjár á árinu og var 500 milljón kr. láni skuldbreytt í hlutafé auk þess sem greitt var inn 970 milljónir kr. í handbæru fé til að mæta skuldavanda félagsins. Fjármagnið var nýtt til að greiða niður vaxtaberandi skuldir.

Skuldir 31. desember 2019:	2023				Samtals
	Innan árs	2021	2022	eða síðar	
Óvaxtaberandi	1.248.849				1.248.849
Með breytilegum vöxtum	231.547	231.682	231.522	1.218.198	1.912.949
Með föstum vöxtum	121.194	121.035	122.723		364.952
Leiguskuldbinding	129.729	106.907	93.285	745.620	1.075.542
	<u>1.731.319</u>	<u>459.624</u>	<u>447.530</u>	<u>1.963.818</u>	<u>4.602.292</u>

Skuldir 31. desember 2018:	2022				Samtals
	Innan árs	2020	2021	eða síðar	
Óvaxtaberandi	1.286.678				1.286.678
Með breytilegum vöxtum	264.587	262.732	257.972	1.497.940	2.283.231
Með föstum vöxtum	640.546	121.194	121.035	122.723	1.005.498
	<u>2.191.811</u>	<u>383.926</u>	<u>379.007</u>	<u>1.620.663</u>	<u>4.575.407</u>

24. Skipting tekna og gjalda eftir rekstrarþáttum

Settar eru fram kröfur um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda í reglugerð nr. 313/2005. Reglugerðin inniheldur meðal annars ákvæði um framkvæmd aðgreiningarinnar og upplýsingaskyldu póstrekenda til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar sendir félagið Póst- og fjarskiptastofnun árlega sundurliðaðar bókhalds- og fjármálaupplýsingar varðandi aðgreininguna.

Þann 13. desember 2019 birti Póst- og fjarskiptastofnun yfirlit yfir bókhaldslegan aðskilnað félagsins vegna rekstrarársins 2018 og var það niðurstaða stofnunarinnar eftir skoðun gagnanna að kostnaðarbókhald og bókhaldslegur aðskilnaður félagsins væri í samræmi við viðurkennda aðferðarfræði og ákvæði laga um póstpjónustu og fyrrnefnda reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.

Niðurstöður um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri vegna rekstrarársins 2019 verða sendar Póst- og fjarskiptastofnun í samræmi við fyrirmæli reglugerðarinnar.

25. Aðrar upplýsingar um rekstrarumhverfi

Íslenska ríkið hefur ákveðið að fela félaginu alþjónustuskyldu sem felst í því að tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstpjónustu, bæði innanlands og milli landa, með tilteknum gæðum á sama verði hvar sem er á landinu skv. 2 mgr.17 gr. laga nr. 98/2019. Á félaginu hvílir því alþjónustuskylða sem nær til sendinga allt að 10 kg. Með henni kemur sú kvöð að sinna þeim þáttum þjónustunnar sem ekki eru arðbærir. Ekki hefur verið gerður formlegur samningur um alþjónustu en félagið hefur verið tilnefnt tímabundið sem alþjónustuveitandi. Alþjónustan hefur verið fjármögnuð að hluta fyrir árið 2020 en verður endurskoðuð á árinu.

26. Reikningsskilaaðferðir

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Félagið endurmetur á reikningsskiladegi hvort yfirráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á. Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagðar að þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna.

Skráning tekna

Tekjuskráning félagsins endurspeglar það gagngjald sem samstæðan væntir að fá vegna sölu á þjónustu og vöru til viðskiptavinar. Tekjur félagsins af samningum við viðskiptavini myndast einkum af sölu póstpjónustu sem felur meðal annars í sér dreifingu á bréfum, pökkum, fjölpósti og tilheyrandi þjónustu. Tekjur eru skráðar þegar samningsskylda félagsins hefur verið uppfyllt. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímamarki þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi. Erlendar pósttekjur sem varða reikningsárið eru færðar til eignar sem langtímakröfur en um er að ræða kröfur á erlend póstfyrirtæki sem myndast við uppgjör viðskipta á póstsendingum á milli landa og geta greiðslur vegna viðskiptanna borist allt að tveimur og hálfu ári eftir að krafa myndast.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

26. Reikningsskilaaðferðir, frh.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og virðisrýrnun fjáreigna og eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn nema þegar hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigin fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigin fé. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félaga í samstæðunni er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundins mismunar sem verður til við upphaflega skráningu viðskiptavildar.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð þeirra samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Eftir upphaflega skráningu eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar línulega af afskrifanlegri fjárhæð miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikning. Afskrifanleg fjárhæð er kostnaðarverð að frádregnu væntu hrakvirði. Lóðir og lönd eru ekki afskrifuð. Upplýsingar um afskriftarhlutföll eigna má finna í skýringu nr. 11.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna telst mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem salan á sér stað.

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og hrakvirði eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef þörf krefur.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samstæðunnar samanstanda af hugbúnaði sem hefur takmarkaðan líftíma og eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar línulegar í rekstrarreikning á áætluðum nýtingartíma eignanna. Upplýsingar um áætlaðan nýtingartíma má finna í skýringu nr. 12.

26. Reikningsskilaaðferðir, frh.

Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að unnt sé að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð eða afskrifað kostnaðarverð sé um eign með takmarkaðan líftíma að ræða. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Fjáreignir

Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Samstæðan skráir allar fjáreignir sínar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreignir samanstanda af langtímakröfum, skuldabréfum, viðskiptakröfum, skammtímakröfum að undanskildum fyrirframgreiddum kostnaði og afdráttarsköttum, eignarhlutum í öðrum félögum og handbæru fé.

Fjáreignir sem áætlað er að halda til gjalddaga og samningsbundið greiðsluflæði þeirra samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreiningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru langtímakröfur, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur, eignarhlutar í öðrum félögum, kröfur á tengda aðila og handbært fé.

Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Virðisrýrnun fjáreigna

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi. Fjáreignir samstæðunnar sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru langtímakröfur, viðskiptaköfur, aðrar skammtímakröfur (að undanskildum fyrirframgeiðslum og afdráttarsköttum), kröfur á tengda aðila og handbært fé.

Við mat á vænti útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfaldaðri nálgun. Sú nálgun gerir ráð fyrir að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafanna. Viðskiptakröfum samstæðunnar er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tap sögu félagsins, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu nr. 23.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafi áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Samstæðan færir sértæka niðurfærslu á fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

26. Reikningsskilaaðferðir, frh.

Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði, þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímamann.

Leiguskuldbinding og nýtingarréttur af leigueign eru upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum auk breytilegra greiðslna vegna vísitölu, vænts hrakvirðis og kaupréttá leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir, og að frádregnum leiguhvötum. Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Félagið endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueignir eru afskrifaðar á því sem styttra reynist, líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar af leigueign felur í sér kauprétt á viðkomandi leigueign, þá er nýtingarrétturinn afskrifaður á líftíma leigueignarinnar. Nýtingarréttur vegna leigueignar er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings. Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti leigueignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Fjárskuldir

Fjárskuldir samstæðunnar samanstanda af viðskiptaskuldum, öðrum skammtímaskuldum og skuldum við lánastofnanir. Aðrar fjárskuldir þar á meðal skuldir við lánastofnanir, eru upphaflega metnir á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Íslandspóstur ohf., gegnir veigamiklu hlutverki í því að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með því að miðla mikilvægum upplýsingum, gögnum og vörum til allra landsmanna og viðskiptavina þeirra hvar sem þeir eru á landinu. Starfsmenn Íslandspósts handleika dag hvern póstsendingar, sem teljast í hundruðum þúsunda. Þar að auki er Íslandspóstur í traustri samvinnu við póstfyrirtæki um allan heim sem tryggir þéttleika dreifikerfisins. Póstþjónusta gegnir mikilvægu hlutverki, ekki síst fyrir atvinnulíf, og er í lykilhlutverki í vefverslun. Í nýlegri stefnu Evrópusambandsins um stafrænan innri markað (e. Digital Single Market eða DSM) er lögð sérstök áhersla á að virk og áreiðanleg póstpjónusta sé grundvöllur virkrar vefverslunar milli landa.

Samfélagsábyrgð

Íslandspóstur ohf leggur áherslu á samfélagsábyrgð og vill starfa í sátt við umhverfið og samfélagið. Markvisst hefur verið unnið í umhverfisáhrifum með því að keyra meðal annars um á rafmagnfarartækjum og draga út pappírnotkun.

Vitund starfsmanna um heilbrigt lífni hefur verið eflað, meðal annars tekið þátt í Global Compact en með henni skuldbindur Íslandspóstur sig til að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu aljóðlega viðurkennd grundvallarréttindi er varða mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og spillingu.

Íslandspóstur ohf hefur farið í gegnum úttekt frá KPMG á áhættumati skv. lögum nr. 140/2018 og vinnur samkvæmt því.

Mannauður

Hjá Íslandspósti vinna um það bil 900 starfsmenn sem sinna 721 stöðugildum. Íslandspóstur hefur fengið jafnlaunavottun og vinnur markvisst að því að eyða út kynbundnum launamun. Fræðsludeild póstins vinnur í öflugum fræðslustarfi og hefur sérstök áhersla verið á að efla stjórnendur en einnig á nýliðapjálfun og fræðslu í tengslum við innleiðingu á persónuverndarstefnu sem og þjónustu og gæðastefnu. Á árinu var innleiddur fræðsluvefur Elomi til að vera enn betur í stakk búinn að takast á við fræðslu fyrir starfsmenn. Árleg heilsu og öryggisvika var haldin þar sem áherslan var á brunavarnir.

Siðferði, spilling, mútur og mannréttindi

Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsins og kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar alla sína starfsmenn, sama hvort það eru þeirra launþegar eða undirverktakar.

Félagið hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um aðgerðir gagnvart siðferði, spillingu, mannréttindi eða mútur en vinna við það hefur verið í gangi og líkur væntanlega á árinu 2020.